



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 28. ágúst
Ákvörðun nr. 48/2008

Dagsektir vegna vanrækslu Byrs sparisjóðs á afhendingu upplýsinga

1.

Samkeppniseftirlitið vinnur að athugun á samkeppnislegum áhrifum samruna SPRON hf. og Kaupþings banka hf. Við mat m.a. á stærð þess markaðar sem umrædd félög starfa á taldi eftirlitið nauðsynlegt að afla upplýsinga frá fjölda fjármálafyrirtækja sem starfa á Íslandi.

Vegna rannsóknar málsins var Byr sparisjóði sent bréf þann 3. júlí 2008 með sextán tölusettum spurningum ásamt töflum til útfyllingar. Studdist beiðni Samkeppniseftirlitsins við 19. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Þann 22. júlí sl. barst Samkeppniseftirlitinu bréf frá Byr sparisjóði sem ætlað var sem svar við bréfi Samkeppniseftirlitsins frá 3. júlí 2008. Hvorki í bréfi Byrs sparisjóðs, né á minnislykli sem bréfinu fylgdi var að finna svör við sumum þeirra spurninga sem settar voru fram í bréfi stofnunarinnar dags. 3. júlí sl. Þá fylgdu ekki með útfylltar töflur þær sem sendar voru sem viðhengi með bréfi Samkeppniseftirlitsins.

Þann 18. ágúst sl. sendi Samkeppniseftirlitið bréf til Byrs sparisjóðs þar sem óskað var eftir þeim upplýsingum sem vantaði í svar Byrs sparisjóðs frá 22. júlí. Þess var óskað að upplýsingarnar yrðu sendar stofnuninni þegar í stað en þess mætti vænta að 22. ágúst eða síðar yrði tekin ákvörðun um beitingu dagsekta í samræmi við ákvæði 38. gr. samkeppnislaga hefðu upplýsingarnar ekki borist þann dag.

Byr óskaði þann 18. ágúst eftir því að Samkeppniseftirlitið listaði upp þær upplýsingar sem Samkeppniseftirlitið taldi að vantaði upp á. Var slíkur listi þegar í stað sendur Byr með tölvupósti. Þann 27. ágúst sl. var beiðnin enn ítrekuð. Þrátt fyrir það hafa engin svör borist frá Byr sparisjóð.

2.

Í málinu liggur fyrir að Byr sparisjóður hefur ekki svarað ítrekaðri beiðni Samkeppniseftirlitsins um upplýsingar. Svar Byrs sparisjóðs sent 22. júlí 2008 innihélt ófullnægjandi upplýsingar og ítrekun Samkeppniseftirlitsins frá 18. ágúst sl. hefur enn ekki verið svarað.



Samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið krafð einstök fyrirtæki, fyrirtækjahópa og samtök fyrirtækja sem samkeppnislög taka til, um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála svo og afhendingar gagna til athugunar. Skulu þau afhent innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Sé ekki farið að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins getur stofnunin með heimild í 38. gr. samkeppnislaga lagt dagsektir á þann sem ákvörðunin beindist að þar til farið verður að ákvörðuninni.

Dagsektum eru þvingunarúrræði ætlað til þess að knýja fram efndir. Ákvörðun um töku dagsekta hefur því engin áhrif á mögulega beitingu stjórnvaldssektarheimildar 37. gr. samkeppnislaga síðar.

3.

Eins og nánar er rakið hér að ofan hefur Samkeppniseftirlitið ítrekað vakið athygli á lögboðinni upplýsingaskyldu Byrs sparisjóðs á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga vegna rannsóknar samruna SPRON hf. og Kaupþings banka hf. Við rannsókn samrunamála er enn mikilvægara en í öðrum málum að rannsókn Samkeppniseftirlitsins gangi snuðrulaust fyrir sig þar sem málsmeðferð er háð ýmsum lögbundnum frestum. Þá eru jafnan umtalsverð fjárhagsleg verðmæti undirliggjandi í slíkum málum og er eðlilegt með hliðsjón af hagsmunum aðila að freista þess að flýta málsmeðferð eins og kostur er.

Í ljósi framangreinds er það mat Samkeppniseftirlitsins að Byr sparisjóður hafi með ítrekuðu athafnaleysi sínu vanrækt ótvíræða lagaskyldu um upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga. Telur eftirlitið óhjákvæmilegt að beita heimild 38. gr. samkeppnislaga og taka ákvörðun um álagningu dagsekta vegna nefndrar vanrækslu Byrs sparisjóðs.

Ákvörðunarorð:

„Byr sparisjóður hefur ekki farið að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins skv. 19. gr. samkeppnislaga um upplýsingaskyldu. Með heimild í 38. gr. laganna leggur Samkeppniseftirlitið því dagsektir á Byr sparisjóð. Skal Byr sparisjóður greiða 1.000.000 kr. á dag þar til umbeðnar upplýsingar hafa borist Samkeppniseftirlitinu.“

Samkeppniseftirlitið

Snorri Stefánsson